

Tjaldsvæði Búðardal 2020

Verð 2020

Verð fyrir fullorðna: 1.500 kr
Aldraðir og öryrkjar; 1.200 kr
Verð fyrir Börn: frítt fyrir yngri en 18 ára.
Rafmagn: 100 kr (500kr frá og með degi no 2)
Þvottavél: 500kr
Þurkari: 500 kr
Notkun á eldavél: 500 kr
Sturta: Frítt fyrir gesti

Árið 2020 fór rólega á stað lokað var á tjaldsvæðinu um miðjan mars og fram í Maí, þá byraði ferðamaðurinn að koma. Sumarið gekk ágætlega fyrir sig enn Júlí mánuður var mjög góður. Um 50% minni nýting var á tjaldsvæðinu þetta árið miða við árið 2019. Við tókum eftir því að í ár var töluvert meiri notkun á rafmagni enn síðustu ár og teljum við það vera vegna meiri umferð íslendinga.

Í vor var farið í vinnu við að setja niður gámahús til að bæta við þjónustu við eldhús og aðstæðu sem hægt er að sitja inni í. Hefur hún verið nýttur vel og þyrfti að stækka við tækifæra. Enn vegna fjöldatakmarka sumarsins máttu einungis fáir nýta hana í einu.

Í sumar fengum við verktaka til að koma og gera plan undir ruslagám til að gera aðgengilegra fyrir losun og fyrir gesti til að gana um betri.

Gróðursettar voru plöntur á efra tjaldsvæði til að að mynda skjól. Settur var skjólveggur á milli skólans og tjaldsvæði, það verk er enn í vinnslu og verður klárað í vor. Borið var á fletina og fenginn verktaki til að koma og klippa tvisvar þetta árið.

Við fóurm í auglýsingar herferð með Víkurvögnum og gáfu þeir 100 gjafabréf með seldum ferðavögnum á tjaldsvæðið í Búðardal þetta var gjafabréf fyrir 2 nóttum og í lang flestum tilfellum bætti fólk við 3 nóttinni. Einig buðum við upp á 25% afslátt á hestaferðum með þessu og voru nokkrir sem nýttu sér það.

Í sumar uðum við að deila tjaldsvæðinu niður í tvö sóttvarnahólf og mátti hafa 50 gestir í hvort hólf, aðstæðan sem við höfum í Dalabúð gerði það að verkum að hægt væri að hafa tjaldsvæðið allt opið. Mikil auka vinna fólst í því að þurfa að standast kröfur vegna C19 á tjaldsvæðinu og hafði það í för með sér mikinn auka kostnað.

Það sem við sjáum fyrir okkur að verði að framkvæma á tjaldsvæði.

Þrátt fyrir minkun á tjaldsvæði bar mikið á því að það væri mikið álag á efra tjaldsvæði þyrfti að dreina þar. Eins þyrfti að koma upp þjónustuhúsi með salernisaðstöðu upp á efra tjaldsvæði.

Við leggjum til hvort það sé hægt að breyta samning að árið 2020 falli út vegna tekjutaps og ástandsins í heiminum og verði samningurinn lengdur um eitt ár við framlengingar ákvæði væri hægt að nýta til 2025.

Kær kveðja

Carolin